

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 129 – 10.03.2010

Miðvikudaginn 10. mars, árið 2010, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveitukostir Viðvíkursveit
2. Vatnsveituframkvæmdir v/ Vindheimamela.
3. Gagnaveitumál
4. Bréf frá Lánasjóði Sveitarfélaga
5. Önnur mál.
 1. Þriggja ára áætlun.
 2. Heitavatnsmál í Varmahlíð.
 3. Aðalfundur Samorku.

Afgreiðslur:

1. Bragi Þór Verkfræðistofunni Stoð ehf kom á fundinn undir þessum lið og fór yfir þá kosti sem eru í stöðunni við að leggja hitaveitu frá Ytri Brekkum að Hofstaðaseli. Áætlaður heildarkostnaður er 70.244 þúsund. Páli falið að svara erindi íbúa á umræddu svæði, sem rætt var á síðasta fundi.
2. Páll Pálsson gerði grein fyrir kostnaði við lagningu vatnsveitu frá borholu í Steintúni að Vindheimamelum. Eymundur Þórarinnsson og Jón Geirmundsson forsvarsmenn Gullhýls sátu fundinn undir þessum lið.
3. Farið yfir stöðu Gagnaveitu Skagafjarðar.
4. Lagt fram bréf dags 24.01.2010 frá Lánasjóði sveitarfélaga, þar sem sjóðurinn óskar eftir því að fá heimild til birtingar upplýsinga um stöðu lána Skagafjarðarveitna ehf hjá sjóðnum. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir eftirfarandi.
„Hér með veitir Skagafjarðarveitur ehf, með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, Lánasjóði sveitarfélaga heimild að miðla upplýsingum um lán fyrirtækisins hjá lánasjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum“.
5. Önnur mál.
 1. Páll lagði fram drög að þriggja ára áætlun.
 2. Rætt um nýtingarmöguleika heitavatnsins í Varmahlíð. Veitustjóra falið að hafa samband við Kaupfélag Skagfirðinga vegna framhalds á viðræðum sem fóru fram í sl. haust.
 3. Páll Pálsson gerði grein fyrir aðalfundi Samorku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.15

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Dagbjartsson (sign)

Pétur Valdimarsson (sign)

Páll Pálsson (sign)